

Kæru Blikar,

Það er mér mikil ánægja að standa hér í dag og fagna þeim ótrúlega árangri sem íþróttafólk Breiðabliks hefur náð á árinu 2024. Þetta ár hefur verið einstakt fyrir félagið okkar, þar sem við höfum náð nýjum hæðum bæði innan vallar sem utan.

Hér er listi yfir helstu afrek sem Blikar náðu árinu 2024:

- Gullverðlaun á Smáþjóðaleikunum í langstökki
- Íslandsmeistaratitlar í frjálsum íþróttum
- Íslands- og bikarmeistaratitill í hjólreiðum
- Við áttum hlaupara sem hljóp samtals tvöþúsund kílómetra á árinu
- Íslandsmeistaratitill, silfurverðlaun á Norðurlandamóti og Evrópumeistaratitill Smáþjóða í karate
- Íslandsmeistaratitlar í meistaraflokkum í knattspyrnu karla og kvenna auk þess sem okkar fólk fékk vel flest einstaklingsverðlaun í íslenskri knattspyrnu á árinu
- Evrópu- og heimsmeistaratitill í kraftlyftingum, auk Íslandsmeistaratitla og nýs Íslandsmets
- Norðurlandameistari í körfuknattleik
- Íslandsmeistaratitlar í sundi, auk gull, silfur og bronsverðlauna á alþjóðlegum sundmótum
- Við Blikar áttum ólympíufara í þríþraut, og fulltrúa sem fengu verðlaun á alþjóðlegum þríþrautarmótum
- Áttum þríþrautarkarl og þríþrautarkonu ársins á Íslandi
- Áttum stigahæsta á skámanninn á Íslandi

Þessi listi er alls ekki tæmandi fyrir þau afrek sem íþróttafólk Breiðabliks náði á árinu.

Við höfum séð fólk okkar skara fram úr og hafa sýnt ótrúlega hæfileika, ástríðu og staðfestu. Þessi árangur er ekki aðeins til marks um hæfileika íþróttafólksins, heldur einnig um þá miklu vinnu sem þjálfarar, starfsfólk og sjálfboðaliðar leggja á sig á hverjum degi.

Við höfum einnig náð frábærum árangri utan vallar, þar sem félagið hefur vaxið og dafnað. Við höfum styrkt samfélagið okkar og byggt upp sterka og samheldna hópa sem styðja við bakið á okkar fólk.

Til að fagna þessum stórkostlega árangri erum við saman komin hér í dag til að njóta þessarar stundar saman. Við skulum halda áfram að vinna saman, styðja hvert annað og stefna að enn meiri árangri á komandi árum.

Ég vil þakka ykkur öllum fyrir ykkar framlag og stuðning. Án ykkar væri þessi árangur ekki mögulegur. Við erum Breiðablik, og saman erum við óstöðvandi!

Takk fyrir og njótið hátíðarinnar!

Ásgeir Baldurs

Formaður Breiðabliks